

Fjöldi nemenda í 10. bekk sem þreyttu samræmd próf vorið 2005.

Fjöldi nemenda í 10. bekk sem þreyttu hvert próf. Til samanburðar eru tölur frá 2004 og 2003.

	2005	2005	2004	2003
	Fjöldi	hlutfall (%)	hlutfall (%)	hlutfall (%)
Íslenska	4319	96,9	96,4	96,6
Enska	4209	94,4	95,8	95,7
Stærðfræði	4272	95,8	95,9	95,4
Danska	3492	78,3	83,0	83,9
Samfélagsgreinar	2637	59,2	58,2	62,9
Náttúrufræði	2264	50,8	65,1	69,4

Í tölum frá 2003 og 2004 er tekið tillit til nemenda sem ekki mættu (u.þ.b. 0,5% í Íslensku, stærðfræði og ensku en u.þ.b. 1,5% í dönsku, samfélagsgreinum og náttúrufræði). Tölur frá 2005 miðast við skráða nemendur.

Fjöldi prófa sem nemendur í 10. bekk þreyttu vorið 2005.

	2005	2005	2004	2003
	Fjöldi	hlutfall (%)	hlutfall (%)	hlutfall (%)
0 próf	81	1,8	2,3	2,5
1 próf	29	0,7	0,6	0,8
2 próf	62	1,4	2,1	1,8
3 próf	289	6,5	4,9	4,1
4 próf	995	22,3	17,3	14,8
5 próf	1813	40,7	34,7	31,1
6 próf	1188	26,6	38,1	44,9
Alls	4457	100,0		

Í tölum frá 2003 og 2004 er tekið tillit til nemenda sem ekki mættu. Tölur frá 2005 miðast við skráða nemendur.

Hlutfall þeirra sem þreyttu sex próf lækkar meðan hlutfall nemenda sem þreyttu 5 próf hækkar.

Fjöldi nemenda úr 8. og 9. bekk sem þreyttu samræmd próf* Einnig er sýnt hlutfall þeirra sem þreyttu eitt próf.

	Fjöldi nemenda	Fjöldi sem þreytir eitt próf	Hlutfall (%) sem þreytir eitt próf
2003	160	133	83,1
2004	181	153	84,5
2005	301	256	85,0

* 2005 þreyttu tveir nemendur úr 8. bekk próf en annars er um nemendur í 9. bekk að ræða.

Hjólað í vinnuna- mikil þátttaka í menntamálaráðuneyti



Tæplega 40 starfsmenn [menntamálaráðuneytis](#) tóku þátt í verkefninu hjólað í vinnuna sem [ÍSI](#) stóð fyrir og er það metþátttaka hjá ráðuneytinu til þessa. Ráðuneytið sendi tvö lið til leiks í keppnina, eitt lið vaskra hjólagarpa og annað lið göngugarpa. Mikill keppnis- og liðsandi myndaðist í ráðuneytinu meðal þátttakenda. Sumir hjóluðu um langan veg, t.d. úr Grafarvogi og Hafnarfirði og létu veður ekki slá sig út af laginu. Á myndinni má sjá hluta af vaskri sveit ráðuneytisstarfsmanna sem ætla að gera enn betur á næsta ári.

Séra Bjarni Karlsson sóknarprestur í Laugarnessókn hlaut Foreldraverðlaunin 2005

Foreldraverðlaun [Heimilis og skóla](#) voru veitt í 10. sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu 17. maí sl. Séra Bjarni Karlsson sóknarprestur í Laugarnessókn hlaut Foreldraverðlaunin að þessu sinni fyrir frábær störf í þágu barna, foreldra og skóla í Laugarneshverfi. Hann fékk verðlaunagrip hannaðan af Óðni Björgvini Bollasyni auk viðurkenningarskjals.

Þrenn hvatningarverðlaun voru veitt starfsmönnum skóla fyrir vel unnin störf Alma Vestmann námsráðgjafi og kennari við [Myllubakkaskóla](#) hlaut hvatningarverðlaun fyrir verkefni, *Merkisspjöld*, *Sólblóm* og *Kennaraeplið*.

Ellert B. Þorvaldsson skólastjóri [Ártúnsskóla](#) hlaut hvatningarverðlaun fyrir hönd

[Ártúnsskóla](#) vegna starfa í þágu barns með alvarleg þroskafrávik og fyrir lífsleikniþemað *Æviskeið*.



Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ásamt verðlaunahöfum við afhendingu Foreldraverðlaunanna.

Ólöf M. Magnúsdóttir sérkennari við [Barnaskóla Vestmannaeyja](#) hlaut hvatningarverðlaun vegna verkefnisins [www.ordabelgur.is](#) og annarra starfa í þágu fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.

Ein dugnaðarforkaverðlaun voru veitt foreldri. Það var Gerður V. Colot foreldri

barna í [Tjarnarskóla](#) sem hlaut dugnaðarforkaverðlaun fyrir margvísleg sjálfbóðaliðastörf fyrir skólann sl. 13 ár.

Menntamálaráðherra flutti ávarp við afhendingu verðlaunanna og lagði mikla áherslu á mikilvægi samstarfs heimila og skóla og sagði m.a. „Það er von mín að áfram sem hingað til verði unnið gróskumikið starf í grunnskólum hér á landi og að áfram verði haldið að próa markvisst samstarf heimila og skóla til hagsbóta fyrir alla aðila skólasamfélagsins. Með því að virkja foreldra til þátttöku í skólastarfi er hægt að leysa úr læðingi afl sem stuðlar að enn betri menntun og velferð nemenda.“

